

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N Í S L A N D S

---

Umhverfisstofnun  
Bjarni Pálsson,  
deildarstjóri lífríkis og veiðistjórnunar  
Suðurlandsbraut 24  
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 15. maí 2014  
2014050012/42-0  
KHS, TB  
jgo/tb

**Ósk um undanþágu til að nálgast hreiður fálka vegna myndatöku, umsögn**

Vísað er til bréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 12. maí, sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn BBC (Andy Cashney, Ian Llewellyn og Karen Thomas) um undanþágu til að nálgast hreiður fálka og hafarna vegna myndatöku.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir gögn málsins. Tilgangur myndatökunnar er að gera heimildamýnd um samspil fólks og náttúru á Íslandi. Í umsókn kemur fram að um reynda náttúrulífsmyndatökumenn er að ræða sem Umhverfisstofnun hefur væntanlega kynnt sér. Umsækjendur hafa verið í sambandi við starfsmann Náttúrufræðistofnunar (Thor Haraldsdóttir er misritun á að vera Þorvaldur Þór Björnsson) um leiðsögn vegna hluta myndatökunnar. Náttúrufræðistofnun getur mælt með því að framangreind undanþága verði veitt með þeim skilyrðum sem koma fram í bréfi Umhverfisstofnunar.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

